

Ed.

493. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi i rikisráði Dana (þgskj. 489).

Frá Steingrими Jónssyni og Sigurði Stefánssyni.

Þingsályktunartillaga á þgskj. 489 um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi i rikisráði Dana orðist svo:

Um leið og Alþingi afgreiðir frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskrá Íslands 5. janúar 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. oktbr. 1903, ályktar það að lýsa yfir því, að það heldur fast á þeirri skoðun sinni nú sem fyr, að uppburður íslenskra mála fyrir konungi sje stjórnskipulegt sjermál Íslands, og neitar því, að á þessu sje eða geti verið nokkur breyting gerð með því, sem fram fór i rikisráðinu 20. oktbr. f. á. eða með opnu brjefi um kosningar til Alþingis frá s. d. Konungsúrskurður sá, er boðaður er i fyrnefndu opnu brjefi getur því ekki skoðast öðruvísi en hver önnur íslensk stjórnarráðstöfun, er að sjálfsgöðu má breyta á sama hátt, sem hún er gerð, af konungi með undirskrift Íslandsráðherra eins.